

Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík  
Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 18. desember 2020

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um verðlagningu og greiðslupátttöku lyfja

Í 4.gr. reglugerðar um verðlagningu lyfja og greiðslupátttöku í lyfjum kemur fram að verðlagning lausasölulyfja fyrir menn er frjáls.

Jurtalyf fást án lyfseðils og eru í dag fjögur talsins á Íslandi. Í dag er óskýrt hvernig skuli haga umsókn um greiðslupátttöku í jurtalyfjum. Jurtalyf, sem og önnur lausasölulyf, eru skráð í lyfjaverðskrá eins og öll önnur markaðssett lyf á Íslandi. Þau eru ekki með skráð heilidsölu- eða smásöluverð í lyfjaverðskránni þar sem verðlagning er frjáls.

Jurtalyf eru góður valkostur fyrir sjúklinga og eru íslenskir lækningar byrjaðir að skrifa lyfseðla fyrir jurtalyfjum. Jurtalyfin eru mikilvæg viðbót við þau meðferðarúrræði sem hafa staðið til boða hingað til. Þegar lækningar og sjúklingur velur jurtalyf í stað lyfseðilsskylds lyfs, þá er nauðsynlegt að jurtalyfið sé með álíka greiðslupátttöku sjúkratrygginga og lyfseðilsskyld lyf með sömu ábendingu. Ef lækningar metur það svo að meðferð með jurtalyfi sé árangursrík, þá er mikilvægt að tryggja að sjúklingurinn geti notið þeirrar meðferðar og að hún sé niðurgreidd eins og um lyfseðilsskyld lyf væri að ræða. Það á ekki að bitna á sjúklingnum að lyfið sé lausasölulyf. Unnt er að haga afgreiðslu þannig að sjúkratryggingar taki þátt í greiðslu ef sjúklingur er með lyfseðil fyrir viðkomandi jurtalyfi.

Fjölmörg lausasölulyf eru nú með skráða greiðslupátttöku en ekkert er getið um þetta í reglugerðinni. Lagt er til að tekið verði skýrt fram í reglugerðinni að Lyfjastofnun hafi heimild til að samþykkja greiðslupátttöku í skráðum jurtalyfjum.

Virðingarfyllst,

Kolbrún Hrafnkelsdóttir

